

1057.stjórnarfundur VR

09.02.2011

Fundarsalur á 0.hæð í Húsi Verslunarinnar

Mættir á fundinn eru: Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Ásta Rut Jónasdóttir (ÁRJ), Jón Magnússon (JM), Bjarni Þór Sigurðsson (BÞS), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (IÓB), Bjarki Steingrímsson (BS), Benedikt Vilhjálmsson (BV), Ragnar Þór Ingólfsson (RPI), Hildur Mósesdóttir (HM), Óskar Kristjánsson (ÓK), Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (GJÓ), Sigurður Sigfússon (SS), Guðrún Helga Tómasdóttir (GHT) og Jóhanna S. Rúnarsdóttir (JSR).

Ritari: Arnþór Gíslason, þjónustufulltrúi á þjónustusviði VR.

Fundurinn er settur kl. 18:30 og hefst með því að KÖJ býður stjórnarmenn velkomna og kynnir dagskrá fundarins.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerðir 1055. og 1056. stjórnarfunda eru samþykktar.

2. Atvinnu- og kjaramál, kjarasamningar

KÖJ fer yfir stöðu mál og m.a. kynnir hugmyndina um að semja við SA til þriggja ára með ákvæði um fasta endurskoðunarpunkta. Aðalmarkmiðið á þessum tímapunkti sé einfaldlega að koma viðræðum á stað á ný en eins og staðan sé núna þá sé SA aðeins að ræða við einstök félög. Kristinn tilkynnir að stefnt sé að funda með SA á morgun en þar fyrir utan sé Elías farinn að taka saman sérkröfur félagsins.

- Umræður

3. Kosningar

KÖJ tilkynnir að uppstillingarnefnd VR hafi skilað til kjörstjórnar tveim framboðslistum í trúnaðarráð fyrr í dag þ.e. einn lista sem situr í tvö ár og annan til eins árs. Jafnframt tilkynnir KÖJ að sextán manns séu í framboði til stjórnar og sjö til formanns. Í framhaldi af því opnaði KÖJ fyrir umræður um kosningareglurnar og hvernig auka megi kjörsókn.

- Umræður

Samþykkt er að halda 10.min fundarhlé kl.19:50.

4. Lög VR

KÖJ leggur fram skjalið „*Minnisblað um ábendingar og athugasemdir við lög VR eftir breytingar á framhaldsaðalfundi 2011*“ . Í framhaldi af því leggur hann fram tillögu að laganeftnd VR fari yfir minnisblaðið og geri viðeigandi lagabreytingatillögur fyrir komandi kosningar.

Tillagan er samþykkt með ellefu atkvæðum.

5. Styrkbeiðnir

a) Neytendasamtökin

KÖJ framvístar beiðni um styrkveitingu til Neytendasamtakanna og leggur fram tillögu um að styrkja félagið um sömu upphæð og á seinasta ári eða 250.000 kr.

Tillagan er samþykkt einróma.

b) Félag Heyrarlausra

KÖJ framvístar beiðnum um styrkveitingar í þrjú verkefni á vegum Félags Heyrarlausra. Í framhaldi af umræðum er tillaga lögð fram að styrkja félagið um 1.000.000 kr. og að því fylgi áskorun á Alþingi að það samþykki fyrirriggjandi frumvarp um viðurkenningu á íslensku táknmáli.

Tillagan er samþykkt einróma.

6. Tilnefningar

a) EIR fulltrúaráð

KÖJ upplýsir að leitað hafi verið til formanns og óskað eftir að hann tilnefndi þrjá fulltrúa í fulltrúaráð EIR og jafnframt two til vara.

Tillaga lögð fram um fresta þessu máli og er hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

b) VÍ – stjórn

KÖJ upplýsir að leitað hafi verið til formanns og óskað eftir að hann tilnefndi einn fulltrúa í stjórn Verslunarskóla Íslands.

Tillaga er lögð fram að fresta þessu máli og er hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

7. Tillaga Bjarna Þórs og Ingibjargar Óskar varðandi húsnæðismál

KÖJ les upp tillögu BÞS og IÓB frá 1056. stjórnarfundi VR þann 26.01.2011.

Tillaga BÞS og IÓB:

,, Tillaga lögð fram í stjórn VR þann 26.janúar 2011.

Stjórn VR samþykkir að hefja undirbúning á stofnun húsnæðisfélags fyrir félagsmenn VR. Skipuð verði nefnd sem allra fyrst sem hafi það hlutverk að kanna eftifarandi:

- *Lagaumhverfi (Lög og reglur VR og almenn lög og reglur)*
- *Lög og reglur VR*
- *Fjármögnun (möguleika á eigin fé úr félagasjóði VR, lánsfjármagn)*
- *Viðskiptaáætlun*
- *Rekstraráætlun*
- *Framkvæmdaáætlun*
- *Form (rekstrarform félagsins, lög og samþykktir)*

Greinargerð.

Í ljósi aðstæðna í þjóðféluginu og stöðu á fasteignamarkaði teljum við að nú sé einstakt tækifæri fyrir öflugt félag eins og VR að hefja undirbúning á stofnun húsnæðisfélags.

Húsnæðisfélagið hafi það að markmiði að kaupa eða byggja íbúðarhúsnæði til leigu eða með búseturétt fyrir félagsmenn VR án tillits til aldurs eða tekna. Ekki væri um félagslegt húsnæði, í skilningi þess orða að ræða, heldur áhugaverðan kost til hlíðar við séreignarkerfið fyrir þá félagsmenn VR sem ekki geta eða vilja binda fjármagn í eigin húsnæði.

Félagssjóðir VR eru umtalsverðir og eru þeir nú ávaxtaðir í ýmiss konar verðbréfum. Með því að fjárfesta á þessum tímapunkti í íbúðarhúsnæði sem nýtast félagsmönnum, eru miklar líkur á að ávoxtun verði ríkulegt, svo ekki sé talað um verulega aukna þjónustu við VR-félaga.

Fyrirmynindin að slíku félagi er sótt til fjölda Evrópulanda. Dæmi um systurfélög á Norðurlöndum eru HSB, NBBL og BL (sjá fylgiskjal)

Virðingarfyllst,

*Bjarni Þór Sigurðsson
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir “*

- Umræður

Tillagan er samþykkt einróma.

Tillaga er lögð fram um að fimm manns sitji í undirbúningshóp húsnæðisfélagsins og að þau séu Kristinn Örn Jóhannesson, Bjarni Þór Sigurðsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir , Einar M. Nikulásson og Helga Árnadóttir.

Tillagan er samþykkt einróma.

8. Tillaga Hildar Mósesdóttur varðandi Bjarka Steingrímsson (21.02)

KÖJ les upp tillögu HM frá 1055. stjórnarfundi VR þann 19.01.2011.

Umræður

HM dregur tillögu sína tilbaka.

9. Lífeyrismál

- Umræður

Tillaga er lögð fram að fresta þessu máli til næsta fundar og er hún samþykkt með tíu atkvæðum.

10. Önnur mál.

- Enginn önnur mál.

Fundi er slitið er kl. 22:20.